

# ÁRSSKÝRSLA 2014

---



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA  
NORÐURLANDI VESTRA

## Starfsmenn SSNV 2014



**Katrín María Andrésdóttir**  
framkvæmdastjóri



**Ingibergur Guðmundsson**  
menningarfulltrúi/atvinnuráðgjafi



**Bjarni Jónsson**  
framkvæmdastjóri



**Laufey Skúladóttir**  
atvinnuráðgjafi



**Katharina Ruppel**  
skrifstofu- og bókhaldsstörf



**Sólveig Olga Sigurðardóttir**  
atvinnuráðgjafi



**Gudrun Kloes**  
atvinnuráðgjafi



**Sveinbjörg Rut Pétursdóttir**  
atvinnuráðgjafi



**Hildur Þóra Magnúsdóttir**  
atvinnuráðgjafi



**Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir**  
verkefnisstjóri málefna fatlaðra



**Stefán Haraldsson**  
atvinnuráðgjafi

## EFNISYFIRLIT

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	5
Menningarráð Norðurlands vestra – Ársskýrsla 2014	17
Menningarstyrkir 2007-2014, samantekt-tölfræði	28

## ÁRSREIKNINGAR 2014

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	37
SSNV – Atvinnuþróun	47
SSNV – Málefni fatlaðra	57
Vaxtarsamningur Norðurlands vestra	67
Menningarráð Norðurlands vestra	75



*Stjórn SSNV 2014-2016.*

---

### **Stjórn SSNV**

Adolf H. Berndsen

Valgarður Hilmarsson

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Sigríður Svavarsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson



## Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

### Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2014

Starfsárið 2014 var ár breytinga innan SSNV eins og víða annarsstaðar. Um mitt ár var kosið til sveitarstjórna með þeim mannbreytingum á vettvangi sveitarstjórnarmála sem gjarnan fylgja í kjölfar kosninga. Ný stjórn SSNV var kjörin á 22. ársþingi samtakanna á Hvammstanga 16. og 17. október og tók við störfum stuttu síðar.

Einnig urðu á árinu umtalsverðar breytingar á þeim málaflokkum sem heyra undir samtökin þegar málefni fatlaðs fólks fluttust til Róta b/s. Aukin reynsla kom á aðra nýlega málaflokka svo sem almenningssamgöngur.

Verkefni sem lúta að Sóknaráætlun voru sem fyrr viðamikil auk fjölda annarra málaflokka og viðfangsefna.

Í þessum fjölbreyttu viðfangsefnum er hlutverk samtakanna alltaf hið sama, að gæta hagsmuna svæðisins alls og auka samstarf innan þess.

Á árinu 2014 voru alls haldnir 25 stjórnarfundir; 21 fyrir stjórnarskipti og 4 eftir að ný stjórn tók við. Fundir voru haldnir víða um starfssvæðið. Af 25 stjórnarfundum voru þrír haldnir í gegnum síma.

### Málefni fatlaðs fólks

Á aukþingi SSNV á Sauðárkróki, 5. desember 2013, var samþykkt stofnun sérstaks byggðasamlags um rekstur á þjónustu við fatlað fólk.

Í byrjun árs 2014 var byggðasamlagið Rætur stofnað í þeim tilgangi á vestanverðu Norðurlandi. Varð þá til starfssvæði sem uppfyllti kröfur ráðuneytis, með 11-12 þúsund íbúum, sem náði allt frá Húnaþingi vestra í vestri og til Dalvíkurbyggðar í austri.



Eins og á landinu öllu hafa ónógar fjárveitingar gert rekstur málaflokksins afar þungan. Óhætt er að segja að reynslan af samskiptunum við ríkið frá flutningi hans yfir til sveitarfélaganna hafi ekki verið góð og er það miður.

Skortur á fjármagni, óvissa um framlög og óhagræði sem hlýst af of víðfeðmum starfssvæðum eru meðal þeirra þátta sem skapað hafa óvissu og óumflýjanlega hamlað framþróun í málaflokknum. Það er von allra að bót verði ráðin þar á svo ekki komi til frekari áhrifa á þá þjónustu sem veitt er.

## SSNV atvinnuþróun

Á árinu 2014 var sem fyrr unnið að margvíslegum verkefnum hjá SSNV atvinnuþróun. Alls unnu atvinnuráðgjafar að rétt rúmlega eitt hundrað verkefnum á árinu, fyrir utan verkefni sem unnin voru vegna innra starfs eða vaxtar- og menningarsamninga. Langmest er óskað eftir þjónustu SSNV atvinnuráðgjafar vegna ferðaþjónustu og veitingaþjónustu og hefur sá flokkur stækkað verulega sl. ár, t.a.m. voru 27% verkefna ársins 2011 á því sviði en 48% árið 2014. Hefð hefur verið fyrir því að greina verkefnin niður í 11 flokka eftir viðfangsefnum og tíma. Þessa skiptingu má sjá á myndinni hér á eftir.







Atvinnuráðgjafar vinna ýmis verkefni í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu og SSNV atvinnuþróun á einnig gott samstarf við aðra aðila í stoðkerfi atvinnulífsins, s.s. Vinnumálastofnun, Byggðastofnun og önnur atvinnuþróunarfélög. Náð samstarf hefur verið milli SSNV atvinnuþróunar, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og Menningarráðs Norðurlands vestra um stuðning við einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu. Starfsfólk SSNV atvinnuþróunar hefur annast framkvæmd menningar- og vaxtarsamninga og verkefni á vettvangi þeirra og SSNV atvinnuþróun kappkostar að veita faglega og hagnýta þjónustu til viðskiptavina. Töluverður hluti af vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlana og umsókna til hvers kyns sjóða og stuðningsúrræða og renna verulegar upphæðir árlega til aðila á Norðurlandi vestra í gegnum slíka sjóði. Þá er einnig vaxandi eftirspurn eftir ýmiss konar aðstoð við markaðs- og kynningarstarf.

## Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur voru eins og árin á undan nokkuð áberandi í starfinu. Aukin reynsla kom á þetta þýðingarmikla verkefni og gekk þegar á heildina er litið vel þó upp hafi komið ýmsir vankantar.

Viðbúid er að í upphafi jafn viðamikils verkefnis og um ræðir komi upp ýmis mál sem þarf að leysa og hafa þau verið leyst að mestu. Því miður hefur orðið misbrestur á því að ríkið hafi staðið við þá samninga sem gerðir voru við landshlutasamtökin um verkefnið. Til dæmis hefur ríkið ekki staðið við að tryggja þau einkaréttarleyfi sem áttu að fylgja verkefninu sem hefur ótvírætt þyngt reksturinn.

Enginn vafi leikur hins vegar á að þjónustan hefur verið vel nýtt, verið til mikilla bóta fyrir íbúa starfssvæðisins og bætt þar búsetuskilyrði. Ferðir eru bæði tíðari og ódýrari en áður auk þess sem leiðakerfi er víðtækara en nokkru sinni fyrr á svæðinu.

Enn má þó bæta úr og þörf á að gera tengingar innan svæðisins enn betri. Þannig má styrkja svæðið sem eitt atvinnu- og þjónustusvæði enn frekar.



## Sóknaráætlun og menningarsamningur

Árið 2014 var síðasta ár sérstaks menningarsamnings við ríkisvaldið. Framan af ári var óvissa um frágang og undirritun samnings og dróst þar af leiðandi veiting styrkja úr hófi fram. Þegar samningar náðust kom svo í ljós enn ein skerðingin á framlögum til menningarmála svæðisins. Skýrsla menningarráðs fyrir árið 2014 er að venju í þessari ársskýrslu.

Þar sem menningarsamningur SSSNV við ríkisvaldið, sem var í gildi árin 2007-2014, var ekki endurnýjaður í árslok 2014 þá er í þessari ársskýrslu einnig tölfræðileg samantekt um þetta tímabil.

Sama var upp á teningnum hvað sóknaráætlun varðar. Lengi framan af ári var óvissa um þá samninga sem gerðir höfðu verið. Var því ákveðið að framhald yrði á verkefnum þeim sem skilgreind voru sem sóknaráætlunarverkefni ársins 2013 og höfðu það meginsteft að fjölga tækifærum ungs fólks til starfa og búsetu á Norðurlandi vestra með einum eða öðrum hætti. Flest verkefni sem unnið var að miðuðu að því að kynna og markaðssetja landshlutann og einstök svæði sem ákjósanlegan kost til atvinnuuppbyggingar og búsetu.

Stjórn SSSNV harmar það sem virðast orðið viðtekin vinnubrögð innan ráðuneyta að styrksamningar dragast úr hófi fram sem leiðir til þess að verkefni í héraði bera oft á tíðum skaða af. Brýnt er að ráða bót á þessum vanda svo fjármagnið sem veitt er í þessa mikilvægu sjóði nýtist sem allra best. Stöðug skerðing framlaga í sjóði svæðisins er einnig hörmuð og áhersla lögð á mikilvægi þeirra verkefna sem í þessa sjóði sækja fyrir atvinnulíf og búsetuskilyrði á svæðinu.

## Árangursmat vegna samstarfs við N4

Eitt verkefna sóknaárætlunar á árinu 2013 var á forræði SSSNV og lauk á árinu 2014. Verkefnið gekk út á umfangsmikla kynningu á svæðinu öllu. Markmið kynningarinnar voru fyrst og fremst að:

- Stuðla að aukinni og jákvæðri umfjöllun um atvinnulíf og mannlíf á Norðurlandi vestra.
- Kynna fjölbreytt tækifæri og áhugaverða nýsköpun í höndum ólíkra aðila á svæðinu.





- Kynna Norðurland vestra sem aðlaðandi kost til búsetu og atvinnustarfsemi.
- Styðja við aukin umsvif hjá þeim sem bjóða vöru og þjónustu á svæðinu.
- Stuðla að jákvæðri ímyndarsköpun og sjálfsmýnd íbúa gagnvart Norðurlandi vestra.

Til að ná fram þessum markmiðum var gerður samningur við sjónvarpsstöðina N4 sem fól í sér að stöðin myndi fjalla um valin áhersluatriði á svæði SSSNV á tímabilinu 1. október 2013-1. apríl 2014. Áhersluatriðin voru valin með tilliti til fyrirliggjandi stefnumörkunar sem unnin var af ársþingi SSSNV í tengslum við vaxtar- og menningarsamninga, á vettvangi Sóknaráætlunar og annarra verkefna sem sveitarfélög og íbúar á Norðurlandi vestra vinna að í sameiningu.

Þegar samningur SSSNV og N4 rann út hófst SSSNV handa við að gera spurningakönnun meðal þeirra sem fjallað var um til að meta árangur verkefnisins.

Niðurstöður könnunarinnar gefa ótvíræða vísbendingu um að kynningin hafi þjónað markmiðum verkefnisins vel:<sup>1</sup>

- Viðmælendur virtust almennt sammála um að umfjöllunin væri vel til þess fallin að styðja við jákvæða ímynd svæðisins og töldu hana mikilvæga.
- Þeir viðmælendur sem stóðu fyrir sölu á vöru og þjónustu töldu að umfjöllunin hefði haft bein áhrif til aukningar eftirspurnar og yfirgnæfandi meirihluti allra viðmælenda taldi að umfjöllunin hefði aukið vitneskju um vörur, þjónustu, viðburði og samfélag á Norðurlandi vestra.
- Tæplega þriðjungur viðmælenda nýtti viðtölin til áframhaldandi kynningar á vörum, þjónustu og starfsemi.

Það er gleðilegt að sjá ánægju þátttakenda með verkefnið og miðað við áhrifstölur á sjónvarpsstöðina N4 um allt land má ætla að áhrif umfjöllunar þar séu mikil. Frekari nýting efnisins sem til varð í tengslum við samninginn við N4 er gott tækifæri fyrir þá aðila sem fengu um sig umfjöllun til að búa til styttri stiklur og kynningarefni með litlum tilkostnaði.

<sup>1</sup> Ingunn Ásta Jónsdóttir, Katrín María Andrésdóttir, Sólveig Olga Sigurðardóttir. 2014. *Könnun - Árangursmat vegna samstarfs við N4 um kynningarefni á vettvangi Sóknaráætlun landshluta 2013-2014*. Tekið af vef SSSNV 10.09.2015. <http://ssnv.is/Portals/62/Skjol/Soknaraetlun/N4-%C3%A1rangursmat.pdf>



## Vaxtarsamningur Norðurlands vestra

Upphaf Vaxtarsamnings Norðurlands vestra má rekja aftur til ársbyrjunar 2008 þegar samningurinn var undirritaður af þeim Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra og Adolf H. Berndsen þá formanni SSNV. Markmið samningsins var að efla atvinnulíf og byggðaðróun á Norðurlandi vestra með því að byggja á þeim styrkleikum sem svæðið býr yfir til frekari vaxtar.

Vaxtarsamningur gildi til ársloka 2014 og hefur því runnið sitt skeið. Í hans stað var komið á fót nýjum sjóði, Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra, en hann leysir af hólmi gamla Vaxtarsamninginn ásamt Menningarsamningi og tekur jafnframt yfir fjármuni til Sóknaráætlunar landshlutans.

Í ljósi þess að Vaxtarsamningi er nú lokið þykir rétt að líta til baka og draga saman sögu hans í stuttu máli. Hér er aðeins um grófa samantekt að ræða, mun ítarlegri skýrslur er að finna um úthlutanir hvers árs.

## Fjárframlög

Samtals námu fjárframlög frá ríki til Vaxtarsamningsins 208,5 milljónum króna á tímabilinu 2008-2014. Af þeirri upphæð hefur rúmum 198 milljónum verið úthlutað til verkefna.

VAXTARSAMNINGUR 2008-2010		
	Framlag skv. samningi	Úthlutað til verkefna
2008	30.000.000	25.000.000
2009	30.000.000	27.500.000
2010	30.000.000	28.300.000
	<u>90.000.000</u>	<u>80.800.000</u>

VAXTARSAMNINGUR 2011-2014		
	Framlag skv. samningi	Úthlutað til verkefna
2011	30.000.000	
2012	30.000.000	19.150.000
2013	30.000.000	39.261.963
2014	28.500.000	59.017.355
	<u>118.500.000</u>	<u>117.429.318</u>

## Umsóknir og úthlutanir

Á sjö ára gildistíma Vaxtarsamnings var styrkjum úthlutað 11 sinnum. Segja má að tímabil Vaxtarsamnings hafi verið tvö, fyrri hluti, 2008-2010 og seinni hluti, 2011-2014.

**2008-2010:** Á tímabilinu 2008-2010 voru samtals veitt 73 styrkloforð að upphæð 80,8 m.kr. Í töflunni hér að ofan má sjá fjölda umsókna og fjölda styrkveitinga hvers árs.



Tafla 1: Fjöldi umsókna og styrkja 2008-2010.

Um áramótin 2010-2011 rann sitt skeið sá vaxtarsamningur sem gerður var fyrir Norðurland vestra 2008-2010. Fyrri hluta ársins 2011 var unnið að endurskoðun og gerð nýs samnings sem undirritaður var 1. nóvember 2011. Þar sem nýr vaxtarsamningur var gerður svo síðla árs kom ekki til úthlutunar á því ári. Gert var samkomulag um að þeir fjármunir sem hefði átt að úthluta á árinu 2011 kæmu til úthlutunar á árunum 2012 og 2013. Þannig myndi ríkið leggja alls 90 milljónir til Vaxtarsamnings Norðurlands vestra, á samningstímabilinu, líkt og til annarra vaxtarsamninga í landinu.

Í maí 2014 var svo skrifað undir samning sem framlengdi Vaxtarsamning um eitt ár, út árið 2014 með 28,5 m.kr. framlagi.






Tafla 2: Fjöldi umsókna og styrkja 2012-2014.

2011-2014: Á tímabilinu 2011-2014 voru samtals veitt 52 styrkloforð að upphæð 117,5 m.kr. Í töflunni hér að ofan má sjá fjölda umsókna og fjölda styrkveitinga hvers árs. Á þessum sjö árum hafa alls borist 233 umsóknir og af þeim fengu 125 styrk eða tæp 54%.

### Flokkun styrkja

Reynt hefur verið að flokka umsóknirnar sem hlutu styrk eftir eðli verkefnanna. Skilin geta þó verið ærið óljós og hér er því aðeins um óvísindalega nálgun að ræða. Niðurstaðan er þó býsna afgerandi og kemur líklega ekki á óvart en af 125 styrkjum var 51 merktur ferðaþjónustunni.



Tafla 3: Flokkun styrkja, 2008-2014





## Staðan í dag

Vaxtarsamningsverkefni eru af ýmsum toga og verktíminn mjög mislangur. Öllum verkefnum sem úthlutað var til á árunum 2008-2012 er lokið og þau greidd að fullu.

Premur verkefnum frá árinu 2013 er ólokið og eftir að greiða til þeirra samtals 4,8 m.kr.

Af 24 verkefnum sem hlutu styrki árið 2014 er 7 þeirra lokið og greidd að fullu, samtals 16,5 m.kr. en 17 verkefni eru enn í vinnslu og eftir að greiða til þeirra samtals 42,5 m.kr.

Þeir fjármunir sem voru í sjóði Vaxtarsamnings áramótin 2014-2015 gengu inn í nýja sjóðinn, Uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra.

## Samstarf á vettvangi ferðapjónustunnar

Í apríl 2014 var undirritaður samningur um samstarf á vettvangi ferðapjónustunnar á Norðurlandi vestra til tveggja ára. Samstarfið hafði verið í undirbúningi frá því í byrjun árs 2013. Í kjölfarið var stofnað fagråd ferðapjónustunnar sem í sitja fulltrúar úr Húnaþingi vestra, A-Hún. og Skagafirði. Ráðinn var atvinnuráðgjafi með áherslu á ferðamál sem heyrir undir fagráðið og hefur það verkefni að sinna ferðapjónustuaðilum á svæðinu öllu. Markmið verkefnisins eru eftirfarandi;

- að skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang í ferðapjónustu á Norðurlandi vestra,
- að skjóta sterkari stoðum undir afkomu og rekstur ferðapjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra,
- að greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðapjónustu á Norðurlandi vestra,
- að styðja við vöruþróun og markaðs- og kynningarstarf ferðapjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

Pó uppgangur ferðapjónustunnar á starfssvæðinu hafi verið nokkur er víst að hann hefur ekki verið eins mikill eins og á öðrum svæðum landsins. Því er afar brýnt að styðja nú-





verandi og tilvonandi aðila í ferðapjónustu eins vel og kostur er. Ferðapjónustan er mikill vaxtarbroddur sem mikilvægt er að nýta sem allra best svæðinu öllu til framdráttar.

## 22. ársþing SSNV á Hvammstanga

22. ársþing SSNV var haldið í Félagsheimilinu á Hvammstanga, dagana 16. og 17. október 2014, í boði Húnaþings vestra. Auk skýrslu stjórnar voru fluttar starfsskýrslur um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra. Einnig fluttu gestir þingsins ávörp.

Gestir að þessu sinni voru Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Samtaka íslenskra sveitarfélaga, Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra og Einar K. Guðfinnsson forseti Alþingis.

Nokkur erindi önnur voru flutt. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, flutti erindi um landsskipulagsstefnu, Ingileif Oddsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, flutti erindi um framtíðarsýn, stöðu og horfur skólans og Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Byggðastofnun, flutti erindi sem bar yfirskriftina *Sóknaráætlanir landshluta. Eru þær á vetur setjandi?* Spunnust góðar umræður í kjölfar erinda.

Sem fyrr var í kjölfar fundarstarfa á fyrri degi þingsins farið í óvissuferð. Gestgjafar buðu upp á rútuferð í nýopnaða reiðhöll að Sindrastöðum í Víðidal og fengu gestir að kynnast því metnaðarfulla starfi sem þar er unnið. Um kvöldið var svo hátíðarkvöldverður á Gauksmýri og að honum loknum var slegið upp hlöðuballi.

## Dagur atvinnulífsins 2014

Dagur Atvinnulífsins var haldinn í sjötta sinn þann 2. desember 2014 og var að þessu sinni í Miðgarði í Skagafirði. Hvatningaverðlaun SSNV Atvinnuþróunar voru veitt við það tækifæri og komu þau í hlut Iceprotein ehf. á Sauðárkróki. Iceprotein vinnur að rannsóknum og þróun á



vinnslu verðmætra efna, aðallega úr sjávarfangi, með það að markmiði að auka nýtingu og verðmætasköpun í sjávarútvegi. Einnig hefur Iceprotein aðstoðað önnur fyrirtæki við mælingar á efnum og örverum og tekið þátt í kennslu, bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Önnur fyrirtæki sem voru tilnefnd voru Gæðingur ÖI ehf., Haf og land ehf., Sauðárkróksbakarí og Urðarköttur.

Deigi atvinnulífsins er ætlað að kynna þá fjölbreyttu starfsemi sem fer fram á starfssvæði samtakanna og auka almenna umræðu um atvinnumál á starfssvæði SSNV. Mikilvægt er að skapaður sé vettvangur til umræðna um þá fjölbreyttu starfsemi sem fram fer á Norðurlandi vestra, bæði til að gera fyrirtækjum eins hátt undir höfði og hægt er en einnig til að hvetja þá til dáða sem ganga með hugmyndir í maganum.

## Samráðsvettvangur EFTA

Áhrifa EES samningsins gætir mjög hjá sveitarfélögum en talið er að allt að 70% Evrópureglna sem leidd eru í íslenskan rétt snerti sveitarfélögin með einum eða öðrum hætti.

Árið 2008 var samþykkt af ráðherranefndinni að mynda samráðsvettvang sem tryggir þátttöku sveitarstjórnarmanna í EES samstarfinu og koma á tengslum við Héraðanefnd ESB en í henni sitja kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstiginu frá ESB ríkjunum sem hafa það hlutverk að fjalla um tillögur að evrópskri löggjöf sem varðar sveitarstjórnarstigið.

Formenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, borgarstjóri og formaður Sambands íslenska sveitarfélaga eiga sæti á þessum vettvangi. Landshlutasamtökin skipta með sér sætum aðal- og varamanna. Adolf H. Berndsen, formaður stjórnar SSNV, tók í lok árs 2014 sæti aðalmanns í samráðsvettvangnum og sótti fund samráðsvettvangsins í Brussel. Vettvangurinn er sveitarstjórnarstiginu mikilvægur í ljósi þeirra áhrifa sem hinar ýmsar Evrópureglur hafa á starfsemi sveitarfélaga.



## Lokaorð

Verkefni sem koma inn á borð landshlutasamtaka eru afar fjölbreytt. Hlutverk samtakanna er fyrst og síðast að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaga landshlutans og stuðla að atvinnuþróun innan svæðisins.

Undanfarin ár hefur róðurinn í landshlutanum verið þungur. Atvinnutækifærum hefur fækkað sem leiðir til fólksfækkunar. Til að sporna við þeirri þróun þarf tvennt að koma til. Annars vegar skilningur ráðamanna á alvarleika stöðunnar og vilji til samstarfs við íbúa til að bæta þar úr. Hins vegar er samstarf innan landshlutans algert lykilatriði ef vel á til að takast.

Þetta tvennt þarf að haldast í hendur ef á að takast að snúa byggðapróun svæðisins við og styrkja hér mannlíf og bæta búsetuskilyrði. Það er hið stóra verkefni næstu ára.

SSNV er tilbúið til að taka að sér það verkefni ásamt aðildarsveitarfélögum og kallar eftir samstarfi stjórnvalda við verkið.



## Menningarráð Norðurlands vestra Ársskýrsla 2014

### Inngangur

Þann 15. apríl 2011 var skrifað undir þriggja ára menningarsamning, annars vegar milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins og hins vegar stjórnar SSNV, fyrir hönd sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Gilti samningurinn fyrir árin 2011-2013. Samkvæmt samningnum var framlag ríkisins um 23 milljónir á ári þessi þrjú ár og hafði því lækkað um rúman fjórðung frá árinu 2008 er það var 32 milljónir. Framlag heimamanna 2011-2013 var samkvæmt samningnum 40% af framlagi ríkisins eða um 9 milljónir króna á ári.

Á árinu 2012 var framlag iðnaðarráðuneytisins, nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, óbreytt eða 5,7 milljónir króna. Vegna aðhaldskröfu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu var framlag þess 338 þús. kr. minna en samningurinn hljóðaði uppá. Samtals var framlag ríkisins 22.762.000 kr.

Í september 2012 var einnig skrifað undir viðauka við samninginn frá 2011 en þar var um að ræða 10,3 millj. kr. framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2012 og 2013 í svokallaða stofn- og rekstrarstyrki sem Alþingi hafði áður úthlutað.

Á árinu 2013 lækkaði framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins til verkefnastyrkja úr 17.062.000 kr. í 16.470.000 kr. eða um tæp 3,5%. Framlag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins breyttist ekki og var áfram 5,7 millj. kr. Samtals var því framlag ríkisins til verkefnastyrkja 22.170.000 kr. Framlag til stofn- og rekstrarstyrkja var óbreytt, 10,3 millj. Framlög sveitarfélaganna tóku mið af minnkandi framlagi ríkisins.

Í maí 2014 var skrifað undir nýjan menningarsamning til eins árs, 2014. Samkvæmt samningnum var framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins 24.093.000 kr., þar af 12.046.000 kr. til stofn og rekstrarstyrkja. Framlag atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins var 6,5 millj. kr. Framlög sveitarfélaganna skv. samningnum voru 7,4 millj. kr.

*Vegna þess hve seint var skrifað undir nýjan samning dróst úthlutun styrkja til 6. júní 2014. Var sá dráttur mjög bagalegur fyrir styrkhafa.*

Í þessari ársskýrslu er greint frá starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra og menningarfulltrúa árið 2014 og upplýsingar eru um þá aðila sem fengu styrki. Ársreikningar ráðsins fylgja með.





## Menningarráð Norðurlands vestra

### Skipan menningarráðs

Á ársþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, 13. október 2012, var skipað í Menningarráð Norðurlands vestra til tveggja ára. Eftirtaldir einstaklingar skipuðu því ráðið 2012-2014:

Björg Baldursdóttir,	Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Guðný H. Kjartansdóttir,	Sveitarfélaginu Skagafirði
Adolf H. Berndsen,	Sveitarfélaginu Skagaströnd, A-Hún.
Ragnar Smári Helgason,	Húnaþingi vestra
Bjarni Jónsson,	tilnefndur af stjórn SSNV

Á ársþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, 17. október 2014, var skipað í Menningarráð Norðurlands vestra til tveggja ára. Eftirtaldir einstaklingar skipa því ráðið 2014-2016:

Jóhanna Magnúsdóttir,	Húnavatnshreppi, formaður
Adolf H. Berndsen,	Sveitarfélaginu Skagaströnd
Magnús Eðvaldsson,	Húnaþingi vestra
Sigríður Svavarsdóttir,	Sveitarfélaginu Skagafirði
Stefán Vagn Stefánsson,	Sveitarfélaginu Skagafirði

### Aðsetur

Skrifstofa menningarráðs var til húsa á Skagaströnd á árinu 2014 og var þar opið virka daga frá kl. 08.00-17.00. Starfsmaður ráðsins var Ingibergur Guðmundsson.

Fram til 1. september 2014 var starfshlutfalli Ingibergs þannig háttað að hann var í 60% starfi hjá menningarráði og 40% starfi hjá Atvinnuþróun SSNV. Frá 1. september 2014 hefur Ingibergur verið í 100% starfi hjá Atvinnuþróun SSNV, með menningarmál sem sérsvið.



## Starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra árið 2014

### Fundir menningarráðs

Fundir menningarráðs voru þrjár, auk aðalfundar sem haldinn var 16. október. Allar fundargerðir eru birtar á vef ráðsins, [www.ssnv.is](http://www.ssnv.is) undir liðnum Menningarráð.

### Verkefnastyrkir menningarráðs

Á fundi menningarráðs, 27. nóvember 2013, var ákveðið að ein úthlutun yrði á árinu 2014, með umsóknarfresti til og með 12. febrúar 2014. Áherslur ársins 2014 voru sem hér segir:

*Menningarráð hefur ákveðið að þau verkefni hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinnna atriða:*

*Verkefnastyrkir:*


- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Verkefni sem stuðla að þátttöku allra þjóðfélagshópa í menningu og listum.
- Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf.
- Verkefni sem fela í sér listsköpun ungs fólks á aldrinum 18-25 ára
- Verkefni sem miða að því að listnemar og ungir listamenn frá Norðurlandi vestra komi í auknum mæli að listsköpun og menningarstarfi í landshlutanum.

Í byrjun janúar 2014 var auglýst eftir styrkumsóknum með dreifibréfi inn á hvert heimili og fyrirtæki á Norðurlandi vestra. Auk þess birtu sveitarfélögin umsóknina á sínum vefmiðlum og svæðisvefmiðlarnir einnig. Þá var dreifibréfið sent rafrænt á tengslanet menningarráðs.

Alls bárust 83 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 57 milljónum króna í styrki. Menningarráðið samþykkti á fundi sínum, 6. júní, að úthluta verkefnastyrkjum til 55 aðila, alls að upphæð 20.450.000 kr. Lægsti styrkurinn nam 100 þús. kr. en sá hæsti var 1.750.000 kr.

### Verkefnastyrkir - Úthlutun 2014

Hægt er að greina styrki ráðsins á ýmsa vegu. Hér eru styrkirnir sundurgreindir eftir sameiginlegri flokkun menningarfulltrúa landshlutanna:



Á þessu súluriti má sjá styrkleika og veikleika þess menningarlífs á Norðurlandi vestra sem menningarráðið veitti fjármagn til á árinu 2014.




Tekið skal fram að öll svona flokkun er einstaklingsbundin og ræðst töluvert af mati þess sem flokkar umsóknirnar. Því er t.d. samanburður milli landshluta tæplega raunhæfur.

### **Stofn- og rekstrarstyrkir menningarráðs**

Á fundi menningarráðs, 27. nóvember 2013, var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki með umsóknarfresti til og með 12. febrúar 2014. Þar segir m.a.:

*Menningarráð hefur ákveðið að þeir umsækjendur hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða við úthlutun ársins 2013:*

- *Stuðla að því að efla menningarstarfsemi á sviði lista, safna- og menningararfs.*
- *Stuðla að nýsköpun í menningarstarfsemi.*
- *Styðja við menningarstarfsemi sem fjölgar atvinnutækifærum á svæðinu.*



Auglýst var í flestum vefmiðlum á svæðinu, í sjónvarpsvísum og víðar. Þá var auglýsingin send rafrænt á tengslanet menningarráðs.

Alls bárust 9 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 23 milljónum króna. Á fundi sínum, 6. júní, úthlutaði menningarráðið verkefnastyrkjum til 8 aðila, alls að upphæð 12.000.000 kr. Lægsti styrkurinn var 750 þúsund kr. en sá hæsti 2,1 milljón kr.

## Samstarf

### Menningarfulltrúar landshlutanna

Mikið og gott samstarf er milli menningarfulltrúa landshlutanna, bæði hittast þeir reglulega og hafa mikil síma- og tölvupóstsamskipti sín á milli.

Á árinu 2014 hittust menningarfulltrúarnir á Eyrarbakka dagana 9.-10. október og báru saman bækur sínar. M.a. voru rædd drög að nýrri Sóknaráætlun landshluta. Eftirfarandi ályktun var samþykkt í því sambandi:







### *Framtíð menningarsamninga*

*Segja má með sanni að almenn sátt ríki um menningarsamningana og framkvæmd þeirra, bæði þegar lítið er til viðhorfa sveitarfélaga, starfandi listamanna og menningarstofnana. Um það vitna úttektir sem gerðar hafa verið á menningarsamningunum og umsagnir og ályktanir landshlutasamtaka.*

*Reynslan af starfsemi menningarráðanna á landsbyggðinni hefur verið góð og þau hafa reynst öflugur bakhjarl fyrir menningarstarfsemi, eftir starfandi listamenn og menningarstofnanir og stuðlað að auknu samstarfi og fagmennsku. Starf menningarráðanna hefur einnig verið í góðu samræmi við menningarstefnu ríkisins.*

*Nú þegar breytingar standa fyrir dyrum varðandi samning ríkis og sveitarfélaga um stuðning við menningarmál er áriðandi að tryggja að þær verði til þess að efla og styrkja menningarstarf á landsbyggðinni. Samfella þarf að vera í stuðningi við menningarstofnanir og verkefni en mörg verkefni á landsbyggðinni eru mjög aðþrengd eftir niðurskurð á fjárframlögum á síðustu árum. Frekari niðurskurður er ekki valkostur og ekki heldur sú stöðnun og jafnvel afturför sem blasir við ef miðað verður við óbreytt framlög til málaflokksins.*

*Í væntanlegum samningi þarf að tryggja aukin framlög ríkis og sveitarfélaga til menningarmála, bæði hvað varðar verkefnastyrki og rekstrar- og stofnstyrki. Jafnframt verður fagmennska að vera höfð að leiðarljósi við framkvæmd þess samnings sem gerður verður og hlutverk menningarráða landshlutanna má ekki vanmeta í því samhengi.*

### **Formenn menningarráðanna**

Vegna mikillar óvissu og dráttar á undirritun nýs menningarsamnings varð ekki af fundi formanna menningarráðanna á árinu 2014.

### **Styrkhafar**

Samstarf við styrkhafa hefur gengið vel, fylgst er með þeim verkefnum sem fengið hafa styrk og styrkhöfum lagt lið hafi þeir óskað þess. Þá hefur menningarfulltrúi kappkostað að sækja þá viðburði sem styrktir eru. Með því finna styrkhafar að áhugi sé fyrir verkefnum þeirra en einnig er þetta ákveðið aðhald og eftirlit með framkvæmd verkefnanna.



## Fjármál

Í fylgiriti með þessari ársskýrslu eru endurskoðaðir reikningar menningarráðs fyrir árið 2014. Þar kemur fram að aðhalds er gætt í rekstri, rekstrarkostnaðurinn er aðeins tæpar 6,8 milljón-ir kr. sem er mun lægri upphæð en undanfarin ár. Þess vegna hefur verið hægt að veita meiri fjármunum í styrki.

## Mat á árangri

*Ungur var eg forðum,  
 fór eg einn saman:  
 þá varð eg villur vega.  
 Auðigur þóttumst  
 er eg annan fann:  
 Maður er manns gaman.*

Svo segir í Hávamálum um hin algildu sannindi að þar sem tveir eða fleiri koma saman, þar er líf og fjör. Í menningarstarfi felst mikil lífsfylling, gleði og ögrun hugans. Þátttaka í menningarlífi hvetur til jákvæðra samskipta hópa og kynslóða. Fjölbreytt menningarlíf er einnig þáttur í almennri velsæld samfélagsins og stuðlar að jöfnuði. Blómlegt menningarlíf er öllum til góða.

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa nú í tíu ár haft sameiginlega stefnu í menningarmálum. Samningur SSSNV við ríkisvaldið um menningarmál hefur gilt í 8 ár. Þó sá samningur verði ekki framlengdur þá mun e.t.v. ekki mikið breytast því fjármunir til menningarmála renna inn í sóknaráætlun landshlutans og verður úthlutað þaðan.

Ótvírætt verður að teljast að þeir fjármunir, sem á undanförunum árum hafa runnið til menningarstarfs í landshlutanum, hafa haft verulegt gildi fyrir menningarlíf á svæðinu. Það gildir bæði um hefðbundið menningarstarf og nýjungar í menningarmálum. Oft eru styrkirinn ákveðinn grunnur, trygging fyrir frumkvöðla í menningarstarfi en einnig hvatning til þeirra sem sinna þessum málaflokki árum saman á margvíslegan hátt.





## Tölfræði

Í fylgiriti með þessari skýrslu er tölfræðileg samantekt á menningarstyrkjum tímabilið 2007-2014, þau ár sem menningarsamningur við ríkið var í gildi.

## Lokaorð

Starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra stendur á tímamótum. Á þessum átta árum, 2007-2014, hefur ráðið úthlutað styrkjum til menningarstarfs á Norðurlandi vestra, hvatt til samstarfs og samvinnu á menningarsviðinu og reynt að efla menningarstarf á svæðinu.

Nú þegar menningarsamningarnir hafa runnið sitt skeið fellur niður eitt af meginhlutverkum menningarráða landshlutanna, þ.e. að úthluta styrkjum til menningastarfs. Því liggur fyrir að endurskoða hlutverk ráðsins frá grunni. Á ársþingi SSNV, 17. október 2014, var samþykkt að fela menningarráðinu að endurskoða samþykktir þess og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta ársþing sem haldið verður haustið 2015.

Þar sem stjórn SSNV hefur hins vegar ákveðið að leggja til við ársþing SSNV 2015 að starfsemi menningarráðs verði lögð niður frá og með áramótum 2015/2016 þá mun þessi endurskoðun ekki fara fram.

Starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra, árin 2007-2014, hefur að mörgu leyti gengið vel. Styrkveitingar hafa leitt til enn blómlegrar menningarstarfsemi á mörgum sviðum en áður var og stutt við framtak heimamanna. Að sjálfsögðu má þó alltaf gera betur enda alltaf hægt að bæta sig á þessu sviði sem og öðrum.

Menningarráð Norðurlands vestra þakkar ríki og sveitarfélögum fyrir stuðninginn við menningarlífið á Norðurlandi vestra. Sérstakar þakkir fá styrkhafar fyrir sitt óeigingjarna og mikla framtak því án þeirra yrði menningarlífið mun fábrotnara. Samfélagslegt virði menningarstarfs er ómetanlegt, hvort sem er í stærri bæjum eða út við ysta haf, blómlegt menningarlíf er ómisandi þáttur mannlífsins hvar sem er og menningar- og listalíf er mikil virðisaukning í hvaða sveitarfélagi sem er.

Menningarráð Norðurlands  
vestra 2008-2009.



## Úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja 2014

Umsóknarfrestur fyrir árið 2014 rann út 12. febrúar. Alls bárust 9 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 23,5 milljónum króna.

Á fundi sínum, 4. júní, úthlutaði menningarráðið styrkjum til 8 aðila, alls að upphæð 12.000.000 kr. Eftirtaldir aðilar hlutu styrki:

2.100.000 kr.	Samgönguminjasafn Skagafjarðar
2.100.000 kr.	Menningarfélagið Spákonuarfur
2.100.000 kr.	Laxasetur Íslands
2.100.000 kr.	Selasetur Íslands
1.050.000 kr.	Nes listamiðstöð
1.050.000 kr.	Kakalaskáli ehf
750.000 kr.	Textílsetur Íslands
750.000 kr.	Grettistak

## Úthlutun verkefnastyrkja 2014

Umsóknarfrestur fyrir árið 2014 rann út 12. febrúar. Alls bárust 83 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 57 milljónum króna.

Á fundi sínum, 4. júní, úthlutaði menningarráðið verkefnastyrkjum til 55 aðila, alls að upphæð 20.450.000 kr. Eftirtaldir aðilar hlutu styrki:

1.750.000 kr.	Byggðasaga Skagafjarðar	Byggðasaga Skagafjarðar 2014
1.000.000 kr.	Skotta ehf	Færeyskir sjómenn á Íslandsmiðum
900.000 kr.	Byggðasafn Skagfirðinga	Tvö verkefni: Munir og minjar og Byggðasögurannsókn
800.000 kr.	Iðunn Vignisdóttir	Saga Kvennaskólans á Blönduósi 1879-1978
	Pekkingarsetur á Blönduósi o.fl.	4th North Atlantic Native Sheep and Wool Conference
700.000 kr.	Tónlistarhátíðin Gæran	Tónlistarhátíðin Gæran 2014
	Leikfélag Sauðárkróks	Tvö verkefni: Leiksýningar vor- og haustmisseri 2014



600.000 kr.	<b>Eldur í Húnaþingi Nes listamiðstöð</b>	Eldur í Húnaþingi 2014 Tvö verkefni: Summer We Go Public og RASK ráðstefna Tónleikjahald 2014
500.000 kr.	<b>Karlakórinn Heimir Bændasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps Sjómínjasafnið Hofsósi ses frá Hofsósi Sveitarfélagið Skagafjörður</b>	Hlíðhreppingar – ábúendatal og æviskrár Varðveisla, skráning og saga útgerðar  Útgáfa ferðakorta af fjallendinu milli Skagafj. og A-Hún.
450.000 kr.	<b>Skagfirska kvikmyndaakademían Stefán R Gíslason og Einar Þorvaldsson</b>	Sumarbúðir RIFF 2014 í Skagafirði Tónleikar á aðventu 2014
400.000 kr.	<b>Vatnsdæla á refli Leikfélag Hofsóss Leikfélag Blönduóss</b>	Myndleiðsögn vegna Vatnsdæla sögu Leiksýning vormisseri 2014 Leiksýning haustmisseri 2014
350.000 kr.	<b>Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi</b>	Sígildar söngperlur Ellýjar og Vilhjálms Tvö verkefni: Sumarsýning 2014 og Stofutónleikar Húnavökurit 2014
300.000 kr.	<b>USAH Inga Elsa Bergþórsdóttir og Gísli Egill Hrafnsson Sóley Björk Guðmundsdóttir Menningarfélagið Spákonuafur Áhugahópur um Sögulega safnahelgi Á Sturlungaslóð Barokksmiðja Hólastiftis ses Nemendafélag FNV</b>	Á Brimslóð – góður matur gott líf Lifandi landslag Spáspil og sögubrot Söguleg safnahelgi 2014 Sumardagskrá 2014 Barokkhátíð á Hólum 2014 Söngleikur haustmisseri 2014
250.000 kr.	<b>Ferðamálafélag V-Hún.  Blönduósbær  Jónsmessunefnd Hofsósi Textílsetur Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi Ingibjörg Elín Halldórsdóttir  Fornverkaskólinn</b>	Gönguleiða- og áfangastaðalýsing á <a href="http://www.visithunathing.is">www.visithunathing.is</a> „Listamaðurinn í sjálfum mér“ – Húnavaka 2014 Jónsmessuhátíð 2014  Styrkir til lista- og fræðimanna Sumarráðstefna Norræna sumarskólans á Sauðárkróki Torfhleðslu- og grindarnámskeið á Tyrfingsstöðum



200.000 kr.	<b>Ferðapjónustan á Lýtingsstöðum</b> <b>Gudrun Kloes</b>  <b>Árni Rúnar Hrólfsson</b> <b>Félag áhugamanna um endurbyggingu</b> <b>Riishúss</b> <b>Lilja Gunnlaugsdóttir og</b> <b>Ólína B. Hjartardóttir</b> <b>Hulda S. Jóhannesdóttir og</b> <b>Gunnar Æ. Björnsson</b> <b>Karлакórinn Lóuþrælar</b> <b>Skagfirski kammerkórinn</b> <b>Grundarhópurinn</b> <b>Grettistak ses</b> <b>Félag harmoníkuunnenda í Skagafirði</b> <b>Guðbrandsstofnun</b> <b>Byggðasafn Húnavtinga og Strandam.</b>	Horses & Heritage Grettis saga Ásmundarsonar í ásamuðum myndum Óbyggðir - stuttmynd  Halló Heimur  Svarthvítur heimur  Söngvarakeppni Húnaþings vestra 2014 Tónleikahald 2014 Hallgrímur Pétursson í 400 ár Listaflóð á vígaslóð Grettishátíð 2014 - víkingahandverk Manstu gamla daga 4 Fræðafundur Með sunnudagskaffinu - fyrirlestrarröð
150.000 kr.	<b>Magnús Ásgeir Elíasson</b> <b>Kvenfélag Rípurhrepps</b>  <b>Jóna Halldóra Tryggvadóttir</b> <b>Höskuldur B. Erlingsson</b> <b>Pingeyraklausturskirkja</b> <b>Héraðsbókasafn Skagfirðinga o.fl.</b>	Húsdýragarður að Stóru-Ásgeirsá Sögusýning í tilefni af 145 ára afmæli félagsins Maríudagar 2014 Fossar í Húnavatnssýslum – Duldar perlur Söguritun handrita í Húnaþingi - málþing
100.000 kr.	<b>Jón Þorsteinn Reynisson</b>  <b>Blöndubbyggð ehf</b>	Konur í Sturlungu - málþing Tónleikar til styrktar Tónlistarskóla Skagafjarðar Fjalla-Eyvindur - leiksýning



# Menningarstyrkir 2007-2014

## Samantekt - Tölfræði

### Inngangur

Þann 1. maí 2007 var undirritaður 3ja ára samningur milli Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og ríkisvaldsins um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Samkvæmt samningnum lögðu samningsaðilar fram ákveðið fjármagn á ári hverju til að efla og styrkja menningarstarfsemi á Norðurlandi vestra. Síðan þá hefur menningarsamningur milli þessara aðila verið endurnýjaður nokkrum sinnum og var í gildi til ársloka 2014.

Forsenda þessa samnings var m.a. stofnun *Menningarráðs Norðurlands vestra* og gerð þriggja samþykktu fyrir svæðið; 1) *Stefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt starf að menningarmálum*, 2) *Samstarfssamningur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál* og 3) *Samþykktir Menningarráðs Norðurlands vestra*.

Þann 1. september 2007 var undirritaður ráðinn menningarfulltrúi fyrir Norðurland vestra og sinnti þessum málaflokki öll árin.

Árin 2007-2014 úthlutaði Menningarráð Norðurlands vestra svokölluðum Verkefnastyrkjum til menningarverkefna og menningartengdrar ferðaþjónustu en auk þess var árin 2012-2014 úthlutað Stofn- og rekstrarstyrkjum til safna og setra sem ekki höfðu aðgang að Safnasjóði.

Í árslok 2014 rann út síðasti menningarsamningurinn milli ríkisins og SSNV. Í stað hans kom nýtt fyrirkomulag þar sem fjármunir Sóknaráætlunar, Vaxtarsamnings og Menningarsamnings voru settir undir einn hatt í hverjum landshluta.

Í ljósi þessa hefur undirritaður tekið saman nokkra tölfræði um menningarstyrki árin 2007-2014 og fylgir hún hér með.



### Fjárframlög

Framlög ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, árin 2007-2014 til menningarsamninga, voru skv. töflu hér til hliðar:

Alls eru þetta 303.714.000 kr. Eins og sjá má á tölunum þá hafa framlög ríkisins lækkað á hverju ári frá árinu 2009. Framlag sveitarfélaganna var ekkert árið 2007 en hækkaði svo fljótt. Síðustu árin var framlag sveitarfélaganna skv. samningnum um 40% af framlagi ríkisins til verkefnastyrkja og dróst því saman til samræmis við ríkisframlagið. Af þessum fjármunum hafa tæpar 74 milljónir farið í rekstrar-

	Ríki		Sveitarfélög
	Verkefnastyrkir	Stofn- og rekstrarstyrkir	Verkefnastyrkir
<b>2007</b>	30.000.000		
<b>2008</b>	32.000.000		6.726.000
<b>2009</b>	32.000.000		10.063.000
<b>2010</b>	26.000.000		10.000.000
<b>2011</b>	23.100.000		9.200.000
<b>2012</b>	22.762.000	10.300.000	9.100.000
<b>2013</b>	22.170.000	10.300.000	8.900.000
<b>2014</b>	18.547.000	12.046.000	7.500.000
	<b>206.579.000</b>	<b>32.646.000</b>	<b>61.489.000</b>

Menningarráð  
Norðurlands  
vestra  
2010-2012.




kostnað; laun, akstur, skrifstofukostnað, auglýsingar o.fl. Eftir standa því um 230 milljónir sem úthlutað hefur verið í styrki.

## Verkefnastyrkir

### Umsóknir og úthlutanir

Á þessu átta árum hefur verkefnastyrkjum verið úthlutað 13 sinnum. Árið 2007 var ein úthlutun en strax árið eftir var þeim fjölgað í tvær. Þegar styrkir fóru að dragast saman var tekin ákvörðun um að hafa aðeins eina úthlutun árlega og gekk það eftir, utan ársins 2013 þegar minni aukaúthlutun var að hausti.

Hér að neðan má sjá fjölda umsókna og fjölda styrkja hverju sinni.




Bláa súlan er fjöldi umsókna hverju sinni en sú rauða fjöldi þeirra sem fengu styrk.

Alls hafa á þessum átta árum borist 933 umsóknir eða 72 umsóknir að meðaltali hverju sinni. Hámarki náðu umsóknirnar í apríl 2012 en þá voru þær alls 108.

Af þessum 933 umsóknum fengu 683 umsóknir styrk eða rétt um 73%.

### Mikill framkvæmdahugur

Sé lítið á þær upphæðir sem voru í spiliu þá var framkvæmdahugur umsækjenda mikill.



Bláu súlurnar eru áætlaður heildarkostnaður við verkefnið sem sótt var um, rauðu súlurnar sýna heildaupphæð umsókna og þær grænu sýna samanlagða upphæð úthlutaðra styrkja.

### Verkefnastyrkir samantekt

Í heild líta tölurnar svona út:

	Umsóknir			Styrkir	
	Fjöldi	Heildarkostnaður	Sótt um	Fjöldi	Úthlutun
<b>Október 2007</b>	50	128.653.828	51.570.402	41	17.650.000
<b>Apríl 2008</b>	78	141.995.205	46.986.500	64	18.500.000
<b>Október 2008</b>	52	149.005.417	46.865.600	37	18.850.000
<b>Apríl 2009</b>	78	189.524.317	56.073.500	59	20.350.000
<b>Október 2009</b>	65	159.716.605	43.133.500	56	18.300.000
<b>Apríl 2010</b>	85	142.017.997	45.418.950	67	15.250.000
<b>Október 2010</b>	82	172.676.065	56.113.044	57	17.750.000
<b>Apríl 2011</b>	88	194.556.073	57.806.734	55	12.500.000
<b>Október 2011</b>	46	71.880.730	25.656.090	35	9.000.000
<b>Apríl 2012</b>	108	219.258.980	66.309.282	75	23.900.000
<b>Apríl 2013</b>	97	186.870.567	60.023.939	68	21.450.000
<b>Október 2013</b>	20	23.017.194	9.715.675	10	2.900.000
<b>Júní 2014</b>	84	188.401.390	57.339.692	59	20.450.000
	<b>933</b>	<b>1.967.574.368</b>	<b>623.012.908</b>	<b>683</b>	<b>216.850.000</b>

Í þessum 933 umsóknum var því ætlunin að framkvæma samtals fyrir tæpa 2 milljarða eða að meðaltali fyrir rúmar tvær milljónir í hverri umsókn. Sótt var alls um tæpan þriðjung af þeirri upphæð eða rúmar 600 milljónir og heildarupphæð úthlutaðra styrkja var svo um þriðjungur af þeirri upphæð eða rúmar 200 milljónir króna.



## Stofn- og rekstrarstyrkir

### Aðdragandi

Um langt árabíl hafði fjárlaganefnd Alþingis úthlutað fjárframlögum til ýmissa menningarverkefna um allt land, m.a. til stofnunar og reksturs fjölmargra safna og setra á landsbyggðinni en einnig til margvíslegra annarra þátta. Þetta fyrirkomulag hafði hlotið töluverða gagnrýni og þótti handahófskennt, auk þess sem eftirlit með þessum styrkjum var ábótavant. Á árinu 2011 var því tekin sú ákvörðun að stokka þetta kerfi upp, hluti fjármunanna var settur í svokallaða Stofn- og rekstrarstyrki og menningarráðum landshlutanna ætlað að úthluta þessum peningum. Styrkirirnir skyldu fara til þeirra safna og setra sem ekki hefðu aðgang að Safnasjóði ríkisins.

	Umsóknir			Styrkir	
	Fjöldi	Heildarkostnaður	Sótt um	Fjöldi	Úthlutun
<b>Apríl 2012</b>	17	113.297.356	31.282.482	8	10.300.000
<b>Apríl 2013</b>	11	89.613.498	25.549.500	9	10.300.000
<b>Júní 2014</b>	9	102.335.458	23.510.000	8	12.000.000
	<b>37</b>	<b>305.246.312</b>	<b>80.341.982</b>	<b>25</b>	<b>32.600.000</b>

## Umsóknir og úthlutanir

Enn má sjá mikinn framkvæmdahug þeirra sem sækja um eða rúmar átta milljónir í hvert verkefni. Sótt er um rúman fjórðung þeirrar upphæðar að meðaltali í hvert verkefni eða rúmar tvær milljónir og meðal styrkuppþæð er rúmar 1100 þúsund kr.






Menningarráð Norðurlands vestra 2007-2008 og menningarfulltrúi.

## Flokkun menningarinnar

### Menningunni skipt í 13 flokka


Þessum 683 umsóknum sem hafa fengið styrk hefur verið skipt í 13 flokka, eftir eðli umsóknanna. Tekið skal þó fram að þessi skipting er ekki einhlít og stundum hefur verið erfitt að ákveða í hvaða flokk einstaka umsóknir eiga að fara. Niðurstaðan er þó ansi afgerandi:



Hér má sjá að langflestir styrkirnir, eða 167, hafa farið í tónlistarverkefni, fjórir flokkar eru nálægt 80 styrkjum en langfæstir styrkirnir fara í tvo flokka, 2 í listhönnun og 3 í danslist.

## Hlutfall milli styrkja og fjármagns

En fjöldi styrkja segir e.t.v. ekki allt. Séu tölurnar skoðaðar í prósentum þá sést að fjöldi tónlistarverkefna af heildarfjölda styrkja er tæp 25%. Hins vegar hafa þessir styrkir aðeins tekið til sín um 20% fjármagnsins. Í eftirfarandi töflu má sjá prósentuhlutfall milli fjölda styrkja í hverjum flokki og hlutfallslegs fjármagns sem þeir hafa fengið.



## Samantekt

Í heild lítur niðurstaðan svona út:

	Fjöldi styrkja	Prósent	Samtals krónur	Prósent	Meðaltal
<b>Myndlist/ljósmyndalist</b>	46	6,7%	8.550.000	3,9%	185.870
<b>Tónlist</b>	167	24,5%	43.250.000	19,9%	258.982
<b>Bókmenntir/fræðirit/margmiðlun</b>	77	11,3%	27.600.000	12,7%	358.442
<b>Leiklist/sviðslistir</b>	41	6,0%	14.050.000	6,5%	342.683
<b>Danslist</b>	3	0,4%	400.000	0,2%	133.333
<b>Kvikmyndalist</b>	25	3,7%	17.000.000	7,8%	680.000
<b>Listhönnun</b>	2	0,3%	2.000.000	0,9%	1.000.000
<b>Menningartengd ferðaþjónusta</b>	78	11,4%	33.700.000	15,5%	432.051
<b>Menningararfur/safnamál</b>	77	11,3%	26.050.000	12,0%	338.312
<b>Fræðsla/námskeið</b>	39	5,7%	10.400.000	4,8%	266.667
<b>Málþing/ráðstefnur</b>	27	4,0%	6.300.000	2,9%	233.333
<b>Blönduð menningardagskrá</b>	82	12,0%	20.750.000	9,6%	253.049
<b>Annað</b>	19	2,8%	6.800.000	3,1%	357.895
<b>Samtals</b>	<b>683</b>	<b>100%</b>	<b>216.850.000</b>	<b>100%</b>	<b>317.496</b>



## Styrkir sem féllu niður eða voru skertir

### Ekki gengur allt samkvæmt áætlun

Ekki hafa öll verkefni sem hafa fengið styrki gengið eftir eins og fyrirhugað var. Sumir styrkhafa hafa afþakkað styrki, einstaka styrkir hafa verið felldir niður og svo hafa nokkrir styrkir verið lækkaðir. Ástæður þessa eru margvíslegar og verða ekki taldar upp hér.

Þegar þetta er ritað, 20. september 2015, þá hafa 57 styrkir (7,3%) verið felldir niður eða afþakkaðir, auk þess hafa 18 styrkir verið lækkaðir þar sem framkvæmdir voru minni en áætlað hafði verið. Alls er hér um að ræða styrki að upphæð 20 milljónir af þessum 250 milljónum sem úthlutað hefur verið. Þá er enn ólokið 16 styrkjum, alls að upphæð 4 millj. kr. Þeim styrkhöfum hefur verið gefinn frestur til loka september að gera upp sín mál.

### Áætluð niðurstaða

Miðað við stöðu mála þegar þetta er ritað þá má því gera ráð fyrir að þegar öllu þessu er lokið muni tæplega 70 styrkir hafa verið felldir niður, afþakkaðir eða lækkaðir, alls að upphæð um 22 milljónir króna.

Í heild má því gera ráð fyrir að þetta verði um 10% styrkja og fjármagns.

## Endurúthlutun

### Fjármagnið hverfur ekki

Tekið skal fram að því fjármagni sem fallið hefur niður hefur jafnóðum verið úthlutað aftur. Því má segja að að hluta til hafi sama fjármagninu verið úthlutað tvisvar. Af þeim sökum eru heildartölur úthlutunar (217 millj.) nokku hærri en ætla mætti miðað við heildarfjármagn (304 millj.) að frádregnum rekstrarkostnaði (74 millj.) og framlögum til stofn- og rekstrarstyrkja (32 millj.) = um 200 millj. króna.

Hvað varðar þá fjármuni sem voru í sjóði um áramótin 2014-2015, 4,7 millj. kr., þá gengu þeir inn í nýjan sjóð, Uppbyggingarsjóð sóknaráætlunar Norðurlands vestra og var þeim fjármunum úthlutað á þessu ári til menningarverkefna.



## Lokaorð

En „Höfum við gengið til góðs, götuna...?“ kvað skáldsnillingurinn Jónas Hallgrímsson (1807-1845). Tvö hundruð og þrjátíu milljónir króna í menningarstyrki eru töluverðir fjármunir í landshluta þar sem búa rúmlega 7 þúsund manns. Hafa þeir fjármunir nýst vel til menningarlífsins á svæðinu?

Hér verður hins vegar ekki lagt mat á framkvæmd og afrakstur þessara menningarsamninga árin 2007-2014 heldur vísað í tvær úttektir opinberra aðila á framkvæmd samninganna og ársskýrslur Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir þessi ár. Úttektir og ársskýrslur er að finna á heimasíðu SSNV undir liðnum Menningarráð. Í úttektunum og ársskýrslunum eru færð rök fyrir því að vel hafi tekist til að flestu leyti, þó auðvitað megi alltaf gera betur.

Höfundur þessarar samantektar hefur á undanförunum árum haft þá ómældu ánægju sækja ótal viðburði á menningarsviðinu á öllu Norðurlandi vestra sem fengið hafa styrk frá menningarráði. Með því finna styrkhafar að áhugi sé fyrir verkefnum þeirra en einnig er þetta ákveðið aðhald og eftirlit með framkvæmd verkefnanna. Þá hefur samstarf við styrkhafa gengið vel og reynt hefur verið að leysa úr þeim vandkvæðum sem upp hafa komið við framkvæmd verkefna.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem starfað hafa í Menningarráði Norðurlands vestra undanfarin átta ár, þeim starfsmönnum ráðuneyta MMR og ANR sem komið hafa að framkvæmd samninganna og síðast en ekki síst styrkhöfum og þeirra fólki sem hafa lagt á sig ómælda vinnu við að halda uppi blómlegu og gefandi menningarlífi á Norðurlandi vestra. Hafið kæra þökk fyrir.

Skagaströnd, 20. september 2015.  
 Ingibergur Guðmundsson,  
 menningarfulltrúi  
 Norðurlands vestra





# Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra Ársreikningur 2014

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	39
Áritun óháðs endurskoðanda .....	40
Rekstrarreikningur .....	41
Efnahagsreikningur .....	42
Sjóðstreymisyfirlit .....	43
Skýringar .....	44

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á vestanverðu Norðurlandi sem ekki eru aðilar að öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Tap varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 5.777 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 52.277 þús. kr.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 30.10 2015

Stjórn:

Adalfr. Bened.  
Sigrún Ó. Sigrún  
Nýlaug Hilmarsson  
Sigrún Svavarsdóttir  
Ólafur Vilmasdóttir

Framkvæmdastjóri:

Sölvorg Olga Sigmundard.



# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

